

AUGLÝSING

um náttúruvætti á Hveravöllum á Kili.

Samkvæmt heimild í 22. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa hverina á Hveravöllum á Kili ásamt næsta nágrenni náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Að norðan ræður suðurhlíð lóðar Veðurstofunnar svo langt sem hún nær til vesturs. (2) Þaðan sjónhending til suðvesturs í klofinn hraunhól. (3) Úr honum



til austurs í annan hól tvíklöfinn, (Eyvindarrétt). (4) Þaðan liggja mörkin að suður-enda skeifulaga tjarnar og (5) áfram upp á hábungu sandöldunnar austan hverasvæðisins. (6) Af henni til norðurs eins og aldan liggur upp á aðra sandöldu og (7) þaðan í austurhorn Veðurstofulóðar.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Bannað er að raska útlili hveranna, brjóta úr skálum þeirra og henda í þá grjóti eða öðru.
2. Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa áfram skála en samráð skal haft um staðsetningu, stærð og gerð mannvirkja.
3. Gangandi fólk er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi enda sé snyrtimennsku gætt og farið að settum reglum.
4. Akstur utan vega og merktra slóða er stranglega bannaður.
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um friðun svæðisins.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fögruhlíðar í Hlíðarhreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fögruhlíðarar.
Heimili þess og varnarþing er í Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Fögruhlíðarar að landamerkjum Hlíðarhúss og Sleðbr.sels, en þær eru: Ketilsstaðir, Tangaland, Bakkagerði, Skriðufell, Háafell, Torfastaðir, Hnitbjörg, Fagrahlíð I, Fagrahlíð II, Hlíðargarður og Hlíðarhús.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára